



## Hvað er skarð?

Skarð er gat sem verður til þegar örvefur sem myndar vörina og/eða góminn vex ekki eðlilega á meðgöngu.

Börn sem fæðast með skarð í gómi og/eða vör geta þurft á ýmissi þjónustu að halda, t.d. skurðaðgerðum, talþjálfun, tannréttingum o.fl.

## Heyrn

Börn sem fæðast með skarð í gómi eru oft viðkvæm fyrir miðeyrnasjúkdómum. Því er mikilvægt að fylgjast vel með ástandi eyrnanna.

## Mál og tal fyrsta árið

Börn sem fæðast með skarð í vör og/eða gómi geta þurft á talþjálfun að halda.

Mikilvægt er að fylgjast með máltöku barnsins frá því að það byrjar að hjala, þar sem skarðið getur haft áhrif á myndun máhljóða. Það getur einnig haft áhrif á framburð orða og fylgjast þarf með hvort meira loft berst upp í gegnum nefið en eðlilegt getur talist.

## Fæðuinntaka

Börn sem fæðast með skarð í vör og/eða gómi geta þurft aðstoð við að borða og drekka. Til eru ýmsar gerðir pela og áhalda sem geta hjálpað. Talmeinafræðingar veita aðstoð og upplýsingar eins og þörf krefur.

## Eftirfylgd

Talmeinafræðingar Landspítalans fylgjast með tali og málþroska barnsins fram til 9 mánaða aldurs. Einnig getu barnsins til að drekka og borða.

Þeir hitta barnið og foreldra þess:

- Við fæðingu
- Við þriggja mánaða aldur
- Við 6 – 9 mánaða aldur

Um 12 mánaða gamalt fer barnið í viðtal til talmeinafræðinga á Heyrnar- og talmeinafræðinga Íslands. Þar er eftirfylgd sinnt eins og þurfa þykir.

Ef vandamál við fæðuinntöku eru enn til staðar við 12 mánaða aldur sinna talmeinafræðingar Landspítalans því áfram eins og þörf krefur.



## Málörvun – heima

- Myndið alls konar hljóð, oft og meðvitað. Fyrir aðgerð er best að örva þau hljóð sem barnið getur (a,ú,e,ma,la... og b,d,g ef barnið getur þau)
- Heilsíð alltaf þegar þið komið að barninu. Það hvetur til hljóðmyndunar.
- Kveðjið alltaf þegar þið farið frá barninu eða setjið leikfang til hliðar.
- Leikið eftirhermuleiki með hljóð.
- Ýkið hljómfall, það vekur áhuga barnsins.

Foreldrar sinna mikilvægu hlutverki í málörvun.

Barnið hlustar eftir röddum og málhljóðum. Það hjalar og babblar og æfir samskipti við foreldra.

Gott er að gefa sér góðan tíma til að tala við barnið, syngja fyrir það og skoða myndir og bækur með því.

## Hafðu samband



Talmeinaþjónusta  
Landspítala, Grensási  
Sími: 5439335 / 5439215



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands  
Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík  
Sími: 5813855  
Netfang: [hti@hti.is](mailto:hti@hti.is)  
Vefsíða: [www.hti.is](http://www.hti.is)



## Skarð í vör og gómi

Þjónusta talmeinafræðinga Landspítala og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands

